

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 8686. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 27. nóvember 2014 og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Svanur Tómasson Embættismaður, Auður Kjartansdóttir Varamaður, Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Ásdís Lilja Pétursdóttir Ritari, Lúðvík Ver Smárasón Embættismaður og Illugi Jens Jónasson Formaður.

Fundargerð ritaði: Ásdís Lilja Pétursdóttir, Ritari.

Dagskrá:

- 1. 1411002 - Gufuskálar_Ríkissjóður óskar eftir að stofna lóð í landi Gufuskála fyrir fjarskiptahús/mastur. Heiti nýrrar lóðar yrði Miðfell fjarskiptahús.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

- 2. 1411010 - Snoppuvegur 6 (verbúð 7)_Umsókn um byggingarleyfi fyrir að saga burtu glugga og gera þar hurð. Einnig að setja frystiskáp f.beitu fyrir innan hurðina.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

- 3. 1411007 - Ólafsbraut 55_Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingar á húsnæði í hostel skv. meðfylgjandi teikningum. Utanhúss verður stálsvölum komið fyrir á gaflí húss í austri.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæða umsögn Heilbrigðiseftirlitsins og Eldstoða. Nefndin felur byggingarfulltrúa að klára málið.

- 4. 1411001 - Jaðar 1_umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við summarhús**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

- 5. 1411009 - Skarðsvík_umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir rampi og palli.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu og bendir á að ekki megi hefja framkvæmdir fyrir en gengið hefur verið frá deiliskipulagi fyrir svæðið í heild. Nefndin telur að skábraut og áningarstaður úr steinsteypu á þessum stað í fjörunni virðist vart leysanlegur nema með miklu og varanlegu umhverfisraski innan þjóðgarðs. Efnisnotkun í steyptri skábraut, skeringar og fyllingar eru mikið inngrip sem verður óafturkraeft.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Miðað við innsandan uppdrátt bendir nefndin á að fyrirhugaðar teikningar af bílastæðum muni ekki anna þörf svæðisins og finnst þörf á að bæta aðganginn að svæðinu.

- 6. 1408007 - Vestan Arnarbrautar_ Lóðarhafi hefur lýst yfir áhuga á að gerð verði breyting á deiliskipulagi á lóðinni, þannig að smáhýsum verði breytt í einnar hæðar hotell.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd kynnt niðurstaða bæjarstjórnar og byggingarfulltrúa falið að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .